

Jóla- og nýárskveðja frá Menntavísindasviði



Senn göngum við inn í nýtt ár með nýjum tækifærum. Árið sem er að líða hefur verið viðburðaríkt og einkennst af tilhlökkun og undirbúningi að flutningi sviðsins í Sögu. Gengið var frá kaupum á Sögu um áramótin 2021/22 og hefur síðan þá verið unnið af kappi að því að breyta hóteli í háskóla. Stefnt var að því að hefja starfsemi Menntavísindasviðs þar haustið 2024. Því miður varð að fresta flutningi fram á vorið 2025 með tilheyrandi raski fyrir skipulag kennslu og aðra starfsemi sviðsins. Mér er efst í huga þakklæti til starfsfólks og stúdenta sem hafa sýnt seiglu og jákvæðni og unnið að því að leysa þær áskoranir sem hafa komið upp. Meðfylgjandi annáll gefur innsýn í liðið ár. Störf nemenda og starfsfólks Menntavísindasviðs einkenndust af krafti og hugmyndaauðgi á árinu sem endurspeglast í skapandi kennslu og námi sem deildir sviðsins skipuleggja.

Rannsóknir fræðafólks sviðsins eru í mikilli sókn sem má meðal annars merkja á því að Háskóli Íslands mælist í hópi 401-500 bestu háskóla í heimi á sviði menntavísinda. Menntavika var afar vel sótt í ár og haldin í 28. skipti í fyrsta sinn í Sögu sem gaf forsmekkin af því sem koma skal. Þar voru fjölbreyttar menntarannsóknir kynntar sem snerta flest svið samfélagsins, s.s. nám og kennslu, uppeldi og menntun, jafnrétti, heilsu og velferð ungra sem aldna, sem og skóla- og frístundastarf. Mikil gróska er í starfi Nýmenntar, yngstu starfseiningar sviðsins sem sinnir starfsþróun, fræðslu og samfélagslegri nýsköpun á sviði menntunar. Áhersla er lögð á að efla samvinnu sviðsins við önnur skólastig, og á meðal verkefna sem starfsfólk Nýmenntar kemur að eru; Nýsköpunarkeppni grunnskóla, Legókeppni grunnskóla, Háskólalestin og Háskóli unga fólksins. Á nýju ári biðna spennandi verkefni á nýjum slóðum fyrir starfsfólk og stúdenta Menntavísindasviðs. Við hlökkum til að hefja nýjan kafla í sögu menntavísinda ásamt breiðum hópi samstarfsaðila innan og utan Háskólans. Ég færi ykkur öllum hlýjar jólakveðjur með von um gæfuríkt komandi ár.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti Menntavísindasviðs

Menntavísindasvið 2024 í tölum

2564
NEMENDUR

728
BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR

5
DOKTORSVARNIR

274
BRAUTSKRÁÐIR KENningarAR

77
VIÐBURÐIR



Fréttir af Menntavísindasviði 2024



Menntakvika 2024

Yfirskrift Menntakviku í ár var Framtíð menntunar á tímum gervigreindar og voru alls flutt 210 erindi í 55 málstofum á ráðstefnunni sem fram fór í Sögu, í fyrsta sinn og á Netinu. Opnunarmálstofan var haldin í háttársal og var afar vel sótt.

[Sjá umfjöllun á Menntakvika.hi.is](#)



Háskólanám í skapandi sjálfbærni á Austurlandi

Fulltrúar HÍ og Hallormsstaðaskóla undirrituðu þann 21. maí samstarfssamning um að flytja nám í skapandi sjálfbærni á háskólastig frá haustinu 2025 og að umsjón með verkefninu yrði í höndum Menntavísindasviðs HÍ. [Lesu um nánar hér](#)



Nýtt hlaðvarp Menntavísindasviðs

Í aðdraganda Menntakviku var nýtt hlaðvarp sviðsins, Menntavísindavarpíð sett á laggirnar þar sem varpað er ljósi á allar þær fjölbreyttu rannsóknir sem eiga sér stað á sviðinu. [Hlustu hér](#)

Hylurinn tæmdur

Í maí 2024 lauk fyrsta fasa flutninga sviðsins úr Stakkahlíð er sögu bókasafns Menntavísindasviðs lauk. Sjá frétt:

[Hylurinn tæmdur - sögu bókasafns Menntavísindasviðs lýkur](#)



Ný rannsóknasíða

Undir lok ársins var ný rannsóknasíða sviðsins sett í loftið með yfirliti um styrkt rannsóknarverkefni á sviðinu, alþjóðleg sem og innlend. Markmiðið með síðunni er efla sýnileika og samfélagsleg áhrif rannsókna og lyfta upp öflugu rannsóknastarfi sviðsins.

[Hér er hlekkur á síðuna](#)

Lokaverkefni verðlaunuð og styrkir veittir

Mat á áhrifum bekkjarstjórnunar, umbætur í kennaramenntun og þróun heilsu unglunga hljóta styrki og verk um gildi tómsunda fyrir einstaklinga sem greinast með krabbamein og figúruhekl verðlaunuð. Sjá fréttir:

[Mat á áhrifum bekkjarstjórnunar, umbætur í kennaramenntun og þróun heilsu unglunga hljóta styrki](#)

[Verk um gildi tómsunda fyrir einstaklinga sem greinast með krabbamein og figúruhekl verðlaunuð](#)





PÆLT Í PISA

Menntavísindasvið efndi til fundarraðar á vormisseri undir yfirskriftinni: Pælt í PISA, í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Markmið fundanna sem voru sjö talsins, varað kafa dýpra í niðurstöður PISA. Sjá frétt: [PÆLT Í PISA næstu fundir](#)

Nám og kennsla

Launað starfsnám heldur áfram, fjölmennt málþing um skólamenningu, textíl- og hönnunarsýning MVS eru dæmi um hið fjölbreytta nám og kennslu sem fram fer á Menntavísindasviði. Sjá fréttir:

[Launað starfsnám kennaranema heldur áfram](#)

[Hátt í tvö hundruð manns á málþingi HÍ um skólamenningu](#)

[Haflesi kennt í gegnum hlutverkaleik](#)

[Textíl- og hönnunarsýning nemenda á Menntavísindasviði](#)



Leikskólinn í deiglnni

[Raunfærnimat í leikskólakennarafræði til fyrirmyndar í öðrum greinum](#)

[Rannsaka hómur og félagslega samheldni tveggja ára barna](#)

Undirbúningstímar í leikskólum með hag barna að leiðarljósi

Nýmennt og nýsköpun

Á Nýmennt Menntavísindasviðs eru starfrækt fjölbreytt nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni í samstarfi við stjórnvöld og samstarfsaðila sviðsins. Á meðal verkefna er Menntaflétta, starfsþróun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, menntatækni og gervigreind í skólastarfi, efling STEAM greina, Stækkuð framtíðina, kennsluþróun og nýsköpun, stuðningur við frumkvöðla á sviði menntunar, auk þess sem nýverið tók Nýmennt að sér að halda utan um Háskólalestina, sem ferðast um landið, og Háskóla unga fólksins. Sjá fréttir:

[Forsprakki Stækkaðu framtíðina í heimsókn í HÍ](#)

[Framtíðin í mál-tækni og menntun](#)

[Stafræn námsgögn og menntatækni í brennidepli hjá](#)

[Nýsköpunarstofu menntunar hjá HÍ](#)

[Átt þú klukkustund til að stækka framtíðina?](#)



Framtíð menntavísinda á aðalsvæði HÍ

Flutningur Menntavísindasviðs hefur verið á dagskrá allt frá því árinu 2008 þegar Kennaraháskóli Íslands sameinaðist HÍ. Víst er að ávinningurinn af því starfsemin verði á aðalsvæði háskólans verður mikill. Undirbúningur að flutningi hefur staðið yfir í rúm tvö ár. Á þeim tíma hefur verið unnið markvisst að framtíðarsýn í Sögu, meðal annars voru sviðsþing árin 2022 til 2024 notuð til að kortleggja tækifæri tengd flutningi, móta sýn á nýtt náms- og kennsluumhverfi í Sögu og aukin tækifæri tengd rannsóknum. Á sviðsþingi nú í desember var sjónum beint að vinnustaðnum og því starfsumhverfi sem við viljum móta saman í Sögu.



Sjá fréttir

[Flutningar í Sögu á nýju ári](#)

[Nýr hornsteinn lagður að Sögu](#)

[Styttist í flutning Menntavísindasviðs í Sögu](#)

[Húsið ofan á Grillinu á Sögu alls ekki varanlegt](#)

[Sjá nánar um stöðu framkvæmda og flutning á vefnum Ný Saga](#)






Fullorðinsfræðsla, félagslegt réttlæti og samstarf við Rauða krossinn

[Ráðstefna um fullorðinsfræðslu haldin á Menntavísindasviði](#)

[Menntastefna og félagslegt réttlæti framhaldsskóla í brennidepli í Netlu](#)

[Dagur sjálfboðaliðans - 5. desember](#)



Rannsóknir og sókn í íþrótt- og heilsufræðum

[Yfir þúsund íþróttamenn nýtt sér mælingar hjá rannsóknastofu HÍ](#)

[Ungmenni með gott þrek glíma síður við einkenni þunglyndis og kvíða](#)

[Heilsuferðalagið – Langtímarannsókn á Íslendingum fæddum 1988](#)

[SKORA – Stúlkur, Knattspyrna og Rannsókn á Atgervi](#)

Menntakerfi á tímamótum - alþjóðalegar áskoranir og tækifæri

Er heiti fyrirlestrarraðar sem hóf göngu sína á árinu og heldur áfram á komandi ári 2025. Þann 4. des flutti menntastefnusérfræðingurinn Gert Biesta, fyrirlesturinn: Hvers konar samfélag þurfa skólarnir okkar? Erindið var annað erindi fyrirlestrarraðarinnar þar sem leiðandi alþjóðlegir sérfræðingar stíga á stökk og deila reynslu annarra þjóða. Sjá nánar hér:

[Hvers konar samfélag þurfa skólarnir okkar?](#)

[„Það sem við lærum veltur á því hvernig við lærum“](#)



Sex nýir lektorar ráðnir við Menntavísindasvið




Fimm doktorsnemar brautskráðir 2024



Dr. Birna Varðardóttir.

Titill: Tiltæk orka og hlutfallslegur orkuskortur meðal íslensks íþróttafólks. / Energy availability and Relative Energy Deficiency in Sport (REDS) among Icelandic athletes.



Dr. Friðborg Jónsdóttir.

Titill: Flutningur barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn frá leikskóla yfir í grunnskóla. Samstarfsrannsókn með kennurum. / Transition from preschool to primary school for culturally and linguistically diverse children in Iceland. A praxeology study with teachers.



Dr. Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir.

Titill: Ableísk valdatengsl og ósýnileg vinna fatlaðs fólks í COVID-19. / Ableist Power Relations and Disabled People's Invisible Work during COVID-19.



Dr. Jakob Frímann Þorsteinsson.

Titill: Möguleikar útimenntunar á Íslandi: Hvernig náttúran stuðlar að staðartengdri reynslu, ígrundun og vináttu. / Affordances of Outdoor Education in Iceland: How nature contributes to place-based experience, reflection and friendship.



Dr. Þorsteinn Ö. Vilhjálmsson.

Titill: Við erum að verða líkari ykkur hinum: Innlimanir og útilokanir á skurðpunkti hinseginnleika, nýfrjálshyggju og þjóðernis á Íslandi 1990–2010. / We Are Becoming More Like You: Inclusions and Exclusions at the Intersection of Queerness, Neoliberalism, and Nation in Iceland 1990–2010.



Myndir: Kristinn Ingvarsson



HÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ